

Matvælaráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Selfossi, 30. júní 2022
Tilvísun: 2206550

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um reglugerð um blóðmerar

Umsögn Matvælastofnunar um reglugerð um blóðmerar

Þann 23. júní auglýsti Matvælaráðuneytið drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum, jafnframt var gefin kostur á að senda umsagnir um drögin.

Hér eftir fylgir umsögn Matvælastofnunar.

Almennt

Eins og fram kemur í skýrslu starfshóps um blóðtöku úr fylfullum hryssum¹ er núverandi umhverfi laga og reglna um blóðtökur úr fylfullum hryssum ekki alls kostar fullnægjandi. Til bóta er að setja starfseminni ramma og kveða með sértækum hætti á um skyldur aðila sem tengjast greininni og eftirlitshlutverk hins opinbera.

Athugasemdir Matvælastofnunar lúta helst að eftirtöldum þáttum

- Gæta þarf að samspili við reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014
- Tryggja þarf að vísindarannsókn geti farið fram og að hún verði hafin yfir vafa
- Skýra þarf betur hvaða reglur ná til þeirra aðila sem eru kaupendur blóðs úr fylfullum merum annars vegar og hins vegar hvaða reglur ná til þeirra aðila sem eru umráðamenn þeirra dýra sem hér um ræðir
- Skerpa þarf á þeim þáttum sem hið opinbera skal hafa eftirlit með, bæði hvaða þætti er um að ræða og með hvað hætti eftirlitið fari fram.
- Skilgreina þarf með skýrari hætti hvað telst til heimta úr dýrum.

Hér eftir fara umsagnir um einstök ákvæði reglugerðardraganna.

1. gr.

Matvælastofnun mælist til að gerð verði sérstök grein fyrir því í markmiðs og gildissviðsákvæði, að reglugerð þessi rýri í engu gildi reglugerðar um velferð hrossa nr. 910/2014.

2. gr.

a) Matvælastofnun leggur til að „blóðtaka“ verði skýrð með eftirfarandi hætti:

¹ Starfshópur Matvælaráðherra um blóðtöku úr fylfullum hryssum, „Blóðtaka úr fylfullum hryssum – Starfsemi, regluverk og eftirlit (Matvælaráðuneytið, júní 2022)“

*Blóðtaka: Að taka blóð úr fylfullum hryssum til söfnunar á hormóninu eCG
(equine chorionic gonadotropin)*

Sú skýring sem lögð er til í drögum ráðuneytisins er að mati Matvælastofnunar helst til víðtæk. Blóðtaka getur farið fram á öðrum grundvelli en til söfnunar og nefnds hormóns, t.d. vegna tilraunastarfsemi eða vegna söfnunar á blóðsermi í vísindaskyni. Slíkar aðgerðir falla undir reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni nr. 460/2017. Mikilvægt er að ekki leiki vafi á því.

b) Matvælastofnun leggur til að tölulíðir 2-8 falli niður og þess stað verði nýr tölulíður 2, svo hljóðandi:

Um orðskýringar fer að öðru leyti eftir orðskýringum laga um velferð dýra. 55/2013 og reglugerðar um velferð hrossa nr. 910/2014.

Að mati Matvælastofnunar er vafasamt að endurtaka gildandi orðskýringar. Skilmerkilegast og öruggast er að hafa þær á einum stað. Þá er ástæða til vekja athygli á því að skýring orðsins „ meðferð“ er ekki sú sama í þessum drögum og í áður nefndum lögum og reglugerðum. Mikilvægt er að þarna á milli sé gætt samræmis.

3. gr.

Um umráðamenn hrossahalds til blóðtöku – 1. mgr.

Það er mat Matvælastofnunar að ekki sé lagaheimild samkvæmt 20. gr laga um velferð dýra til að leyfisskylda hrossahald til blóðtöku þó fram komi að leyfi þurfi fyrir notkun hryssna til framleiðslu efna, þ.e. sjálfri blóðtökunni. Hafa verður í huga að 20. gr. laga um velferð dýra er sniðin sérstaklega að tilraunadýrum en blóðtökuhryssur í framleiðslu teljast ekki tilraunadýr. Þær kröfur sem gerðar eru til dýrahaldsins á grundvelli hennar, sérstaklega hvað varðar færni og menntun umsjónaraðila tilraunadýra, eiga því ekki við.

Það er einnig mat Matvælastofnunar að velferð hryssna sem haldnar eru til blóðtöku sé vel tryggð með áframhaldandi tilkynningar- og úttektarskyldu á grundvelli 12. gr. laga um velferð dýra. Hrossahald til blóðtöku er í raun ekki frábrugðið öðru hrossahaldi og um það gilda sömu reglur. Eftirlitsniðurstöður benda ekki til þess að blóðtökuhryssur séu í viðkvæmari stöðu hjá umráðamönnum sínum en önnur hross. Matvælastofnun leggur þó til að krafa um að umráðamaður hveftrar hryssu til blóðtöku sé skráður sem slíkur í gagnagrunninum „WorldFengur“ sé undir þessari grein (3).

Þá er í 1. mgr. 3. gr. nefnt að við úttekt á starfseminni skuli meðal annars litið til þeirrar aðstöðu sem er til blóðtöku á hverri starfsstöð. Það er mat Matvælastofnunar að eðlilegra sé að slík úttekt liggji til grundvallar leyfis til sjálfrar blóðtökunnar (sjá síðari umfjöllun) fremur en hestahaldsins. Sérstaklega þar sem bændur (umráðamenn) sameinast í einhverjum tilfellum um aðstöðu til blóðtöku.

Að þessu sögðu er það tillaga Matvælastofnunar að 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a) *Hrossahald til blóðtöku er einungis heimilt að undangenginni tilkynningu til Matvælastofnunar samkvæmt 12.gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013. Tilkynning skal berast Matvælastofnun eigi síðar en 60 dögum áður en blóðtaka úr hryssum hefist. Ábyrgðarmaður hrossahalds til blóðtöku skal vera skráður umráðamaður allra hryssna sem hann nýtir í þá starfsemi, í gagnagrunninum WorldFeng.*

Um leyfi til blóðtöku úr fylfullum hryssum – 2. mgr.

Í stað tilvísunar til leyfis til blóðmerahalds sé vísað til tilkynningar samanber breytingartillögu að 1. mgr. Einnig leggur Matvælastofnun til að leyfi til blóðtöku sé veitt tímabundið til þriggja ára.

Blóðtaka úr fylfullum hryssum er einungis heimil að fengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar. Leyfið er veitt kaupanda blóðsins á grundvelli 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og gildir að hámarki í þrjú ár frá útgáfudegi. Leyfið er takmarkað við starfsstöðvar þar sem hrossahald til blóðtöku hefur verið tilkynnt og tekið út af Matvælastofnun skv. 1. mgr.

4. gr.

Engar athugasemdir

5. gr.

Matvælastofnun leggur til að þau ákvæði sem nú þegar er að finna í lögum um velferð dýra eða reglugerð um velferð hrossa falli úr reglugerðinni, enda vafasamt að tvítaka í löggjöf réttindi og skyldur sem hagaðilar bera.

Þess í stað leggur Matvælastofnun til að gerð verði grein fyrir þeim skyldum sem leyfishafi blóðtöku ber sérstaklega í þessu tiltekna ákvæði. Einnig er lagt til að ýmis ákvæði 8. gr. falli hér undir, eftir því sem efni standa til.

Matvælastofnun leggur á það áherslu að gerð verði óháð rannsókn á áhrifum þess fyrirkomulags sem gilt hefur um blóðtöku hér á landi úr fylfullum hryssum (fimm lítrar á viku í allt að átta vikur) á styrk blóðrauða og annarra blóðþátta hjá hryssunum. Ekki er nægjanlegt að mati stofnunarinnar að mælingar verði gerðar á óháðri rannsóknarstofu, allir aðrir þættir rannsóknarinnar, þar með talið fjármögnun þurfa að vera óháðar leyfishafa. Því leggur stofnunin til að þessi þáttur verði ekki á ábyrgð leyfishafa að sinni, en komi til endurskoðunar þegar rannsóknarniðurstöður liggja fyrir. Verði rannsóknin ekki fyllilega aftengd leyfishafa er hætt við að niðurstöður verði dregnar í efa héraendis og á alþjóðlegum vettvangi. Af þeim sökum yrði erfitt fyrir stjórnvöld að taka ákvörðun, byggða á vísindalegum staðreyndum, um framhald blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Ákvæðið verði því svo hljóðandi:

5. gr. – Skyldur leyfishafa til blóðtöku

Leyfishafi samkvæmt 2. mgr. 3. gr. ber ábyrgð á eftirfarandi þáttum:

- a) Að skrár yfir hryssur í blóðtöku á hverjum blóðtökubæ eða starfsstöð séu tiltækar á blóðtökustað*
- b) Að skrá öll slys, veikindi og dauðsföll á hryssum og folöldum á blóðtökutímabilinu*
- c) Að skrá öll frávik sem verða við blóðtöku (þ.m.t. tilvik áberandi ótta eða streitu hjá blóðmerum við blóðtöku)*
- d) Að þeir sem að blóðtökunni koma fái skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningarskyldu allra þeirra sem hafa afskipti af dýrum sbr. 9. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Tilkynna skal Matvælastofnun ef: grunur er um slæma meðferð, aðbúnað, fóðrun (holdarfar) og ef merkingar hrossa eru ekki með fullnægjandi hætti (skráningar og örmerkingar).*
- e) Að dýralækni sé tryggð næg aðstoð, þannig að ávallt sé manneskja við hlið hvernar blóðtökuhryssu á meðan á blóðtöku stendur.*
- f) Að haldin sé gæðahandbók sem skal vera aðgengileg Matvælastofnun*

Gæðahandbók skal að lágmarki innihalda:

- I. Verkferla við skráningu og framkvæmd samkvæmt a)- f) lið. Taka skal fram hvaða aðili á vegum leyfishafa ber ábyrgð á hverjum þætti fyrir sig
- II. Verkferla vegna viðbragða við frávikum sem kunna að verða við blóðtöku, svo sem; slys, veikindi, dauðsföll, merki um ótta eða streitu við blóðtöku.
- g) Að senda Matvælastofnun árlega samantekt um starfsemina. Samantekt skal berast Matvælastofnun eigi síðar 31. desember.

Samantekt sem skal að lágmarki innihalda:

- I. Fjöldi blóðtökuhryssna deilt niður á starfstöðvar (býli).
- II. Skrá yfir slys, veikindi, og afföll á blóðtökutímabili.
- III. Skrá yfir önnur frávík við blóðtöku samanber c) og e) lið.

6. og 7. gr.

Báðar þessar greinar eru endurtekningar á kvöðum sem nú þegar gilda um hestahald. Matvælastofnun telur vafasamt að tvítaka slíkar kvaðir samanber fyrri umfjöllun.

8. gr.

Matvælastofnun telur að c) liður eigi betur heima undir tillögu stofnunarinnar að 5. gr. samanber fyrri umfjöllun.

Matvælastofnun telur fagleg rök skorta til að takmarka blóðtöku við sex skipti eins og gert er í e)-lið. Stofnunin leggur til að áfram verði leyfilegt að taka blóð allt að átta sinnum úr hverri hryssu enda sé blóðtöku lokið fyrir 5. október ár hvert. Yrði það í samræmi við starfsemina eins og hún hefur verið til þessa og eftirlitsniðurstöður² bera vitni um. Verði heimild til blóðtöku takmarkað við sex skipti þá kemur það í veg fyrir fyrirhugaðar rannsóknir, sem mikið hefur verið kallað eftir og fjallað er um í 5. gr. Ekki fást þá svör við aðkallandi velferðar og líffræðilegra spurninga um áhrif blóðtöku úr fylfullum hryssum með þeim hætti sem hefur verið stunduð hér á landi um áratuga skeið (fimm lítrar í allt að átta skipti).

Að öðru leyti hefur Matvælastofnun ekki athugasemdir við ákvæðið.

9. gr.

Matvælastofnun leggur til að ábyrgð leyfishafa verði skýrð frekar, auk þess að enn skýrari skil verði milli aðila sem að blóðtöku koma.

Umráðamaður hrossahalds ber ábyrgð á velferð hrossa sinna á ársgrundvelli. Við blóðtöku ber hann ábyrgð á velferð hryssna við rekstur og í rétt, allt þar til þær eru komnar í sérstakan blóðtökubás. Hann ber allan tímann ábyrgð á velferð folalda sem þeim fylgja.

Leyfishafi, samkvæmt. 2. mgr. 3. gr., ber ábyrgð á að öll leyfisskilyrði séu uppfyllt.

² „Eftirlit með velferð hryssna sem notaðar eru í blóðtöku til vinnslu afurða“, (Matvælastofnun, apríl 2022) sjá <https://www.mast.is/static/files/skyrslur/eftirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast_loka.pdf> sótt 29. júní 2022.

Dýralæknir sem annast blóðtökuna, fyrir hönd kaupanda, ber ábyrgð á velferð hryssnanna frá því þær koma í blóðtökubásinn og að vinnubrögð við blóðtökuna séu í samræmi við dýravelferðarsjónarmið. Þá ber honum að líta eftir heilsu og velferð hryssnanna og folaldanna sem þeim fylgja, að blóðtöku lokinni.

10. gr.

Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir við að settar séu hömlur um hvatakerfi sem leyfishafi kann að setja fram, og hefur raunar gert til þessa. Ef ætlunin er að gera það með þeim hætti sem lýst er í ákvæðinu, leggur stofnunin til að orðið „heimtur“ verði skýrt í orðskýringum.

11. gr

Engar athugasemdir.

12. gr.

Ef farið verður að tillögum Matvælastofnunar og hrossahald til blóðtöku verði áfram tilkynningarskylt, er óþarft að hafa slíkt ákvæði, þar sem engar efnislegar breytingar verða á réttindum og skyldum þeirra aðila.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar

Sigurjón Njarðarson

